

145. fundur dómaranefndar 30. júní kl. 20:00 haldin á teams.

Mættir: Björn Valdimarsson, Ragnheiður Birna Björnsdóttir, Viktoría Gísladóttir, Guðrún Rósa Þórsteinsdóttir, Lárus Lúðvík Hilmarsson, Sigurpór Sævarsson, Ingibjörg Ýr Pálmadóttir, Þórdís Bjarney Guðmundsdóttir.

Fundarefni:

Sundmót á vorönn 2026 samkvæmt atburðadagatali:

AMÍ var haldið 19. – 21. júní og SMÍ var haldið 27. – 28. júní. Sundmótin gengu mjög vel. Mönnun var líka góð á báðum mótunum. Ragnheiður Birna og Ingibjörg Ýr Pálmadóttir héldu utan um mönnun dómarahluta mótanna og eru þeim færðar þakkir fyrir sín störf.

Júlí – Íslandsmeistaramót í víðavatnssundi (IOWC) verður haldið í Nauthólsvík 22. Júlí 2026 skv. atburðadagatali á heimasíðu SSÍ. Keppt verður í 1km, 2km, 3km og 5km vegalengdum.

Dómaranemar uppfærðir í almenna dómara: Agnieszka Narkiewicz-Czurylo – KR, Jóhann Páll Ingimarsson – KR, Lilja Rós Benediktsdóttir – Breiðablik.

Erlend verkefni:

SSÍ er búin að senda út umsóknir fyrir neðangreind sundmót:

- 07. – 12. júlí – EA Junior Swimming Cham – Munchen, Þýskalandi. – Tómas Gísli Guðjónsson – Staðfest þátttaka.
- 10. – 16. ágúst – 2026 European Aquatics Cham. – Paris, France. – Ragnheiður Birna Björnsdóttir, Ingibjörg Ýr Pálmadóttir – staðfest þátttaka.
- 18. – 24. ágúst 2026 Masters Swimming Championship – Samorin, Slovakia – Umsóknarfrestur var framlengdur til 23. júní. – Ein umsókn barst til dómaranefndar frá Viktoríu Gísladóttur. Stjórn SSÍ hefur afgreitt umsóknina og sent til mótshaldara - óstaðfest.
- 01. – 06. desember 2026 World Swimming Championship – Beijing, Kína. – Ingibjörg Ýr Pálmadóttir – staðfest.

Önnur mál:

Dómaranefnd er að vinna í uppfærslu á breytingum á WA sundreglunum í kjölfar EA Swimming Clinic námskeiðsins. – er í ferli.

Umræður voru um ABC flokkun móta. Ákveðið að dómaranefnd mun koma með tillögu að uppfærslu á reglunni um ABC flokkun sundmóta. – er í ferli.

Fundi slitið kl. 22:00

Næsti fundur áætlaður aðra viku í september.